

Smárit Íslenskrar málnefndar 4

Leiðbeiningar um íðorðastarf

Heidi Suonuuti tók saman



Íslensk málnefnd

Reykjavík 2004

Leiðbeiningar um íðorðastarf

Smárit Íslenskrar málnefndar:

1. Íslensk gjaldmiðlaheiti. Baldur Jónsson tók saman í samráði við Anton Holt, Ólaf Ísleifsson og Veturlíða Óskarsson. Íslensk málnefnd. Reykjavík 1997.
2. Íslensk táknaheiti. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Íslensk málnefnd. Reykjavík 2003.
3. Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða. Ari Páll Kristinsson tók saman. Íslensk málnefnd. Reykjavík 2004.
4. Leiðbeiningar um íðorðastarf. Heidi Suonuuti tók saman. Íslensk málnefnd. Reykjavík 2004.

Smárit Íslenskrar málnefndar 4

Leiðbeiningar um íðorðastarf

Heidi Suonuuti tók saman



Íslensk málnefnd
Reykjavík 2004

Titill á frummáli:

Guide to Terminology

Nordterm 8

1. útg. 1997, 2. útg. 2001

Útgefandi: Tekniikan Sanastokeskus ry í Finnlandi f.h. Nordterm

© 1997, 2001 Heidi Suonuuti

ISBN 952-9794-09-6

ISSN 1100-9659

Íslensk útgáfa:

© 2004 Íslensk málnefnd

Þýðing: Íslensk málstöð

Við þýðinguna var sérstök hliðsjón höfð

af þeirri endurskoðun sem gerð var 2004

við sænska útgáfu ritsins í samráði við höfund.

Prentun: Gutenberg

ISBN: 9979-842-61-X

Efnisyfirlit

Formáli höfundar	7
Formáli höfundar í 2. útgáfu	9
Formáli að íslenskri þýðingu	10
Inngangur	12
Ýmsir staðlar	14
1. Hugtakagreining	15
1.1 Samband milli vísimiðs, hugtaks, skilgreiningar og íðorðs	15
1.2 Einkenni	16
1.3 Inntak og umtak hugtaks	16
1.4 Hugtakakerfi	16
1.4.1 Rökvensl og hugtakakerfi	16
1.4.2 Hlutavensl og hugtakakerfi	18
1.4.3 Tengdarvensl og hugtakakerfi	20
2. Skilgreiningar	21
2.1 Tegundir skilgreininga	21
2.1.1 Inntaksskilgreiningar	21
2.1.2 Umtaksskilgreiningar	22
2.2 Eðli skilgreininga	22
2.3 Nákvæmni skilgreininga	22
2.4 Umskiptireglan	23
2.5 Gallaðar skilgreiningar	24
2.5.1 Hringsskilgreiningar	24
2.5.2 Neikvæðar skilgreiningar	25
2.5.3 Ófullkomnar skilgreiningar	25
2.5.3.1 Of víðar skilgreiningar	25
2.5.3.2 Of þröngar skilgreiningar	26
2.5.3.3 Ófullkomnar umtaksskilgreiningar	27
2.5.4 Faldar skilgreiningar innan skilgreininga	28
2.6 Skýringarmyndir	28
3. Íðorð	29
3.1 Tegundir íðorða	29
3.2 Kröfur við val á íðorðum og myndun þeirra	29
3.3 Æskileg, heimiluð og óæskileg íðorð	29
4. Hugtakasamræming og íðorðasamræming	30

5. Afmarkaðir þættir íðorðaverkefnis	31
5.1 Vinnuhópur	31
5.2 Afmörkun efnis	31
5.3 Tímaáætlun	31
5.4 Fjöldi hugtaka	31
5.5 Söfnun, val og greining á efni úr heimildum	31
5.6 Hugtakakerfi og skilgreiningar	32
6. Framsetning á íðorðagögnum	33
6.1 Íðorð og skilgreining	33
6.2 Færsla	33
6.3 Röð á færslum	34
6.4 Tölvuvinnsla	34
Íðorðaskrá ásamt tilvísunum	35
Stofnanir innan Nordterm	37
Íðorðastarf í stuttu máli	38

Formáli höfundar

Allir sem sinna íðorðastarfi, t.d. þeir sem setja saman íðorðasafn, þurfa að vita hvar svör er að finna við fjölmörgum spurningum áður en þeir geta hafið sjálfstverkið: Hvar á að byrja, hvar er hægt að finna traustar heimildir og hvers konar upplýsingum á að safna? Hvernig eru upplýsingarnar skráðar og hvenær eru tölvur gott hjálpartæki? Hvernig er ólíkum tungumálum haldið aðskildum, hvernig eru skilgreiningar skrifaðar og hvernig er vinnuferlið skipulagt? Þessar spurningar koma fram hvert sinn sem hafist er handa við íðorðaverkefni og því er skynsamlegt að reyna að nota þær aðferðir sem hafa gefist vel. Almennar aðferðir við verkefnavinnu henta einnig vel í íðorðastarfi. Jafnvel litlu atriðin, sem verða hindrun við vinnuna, eru oft af því tagi að unnt er að leysa þau með stöðluðum aðferðum og lausnum. Skrá yfir gagnlega staðla er að finna á bls. 14.

Aðrar spurningar og ekki eins algengar fjalla um gæði orðasafnsins. Oft kemur spurningin um gæði fyrst fram við lok íðorðastarfsins eða eftir að orðasafnið hefur verið gefið út. Jafnvel þótt orðasafn sé byggt á bestu mögulegum heimildum ætti ekki að gefa það út án rækilegrar yfirferðar. Ein mikilvægasta vísbendingin um gæði orðasafns er innra samræmi, þ.e. að í orðasafninu séu skýr tengsl á milli íðorða og hugtaka og það komi fram á þann hátt að skilgreiningar séu skýrar og ekki mótsagnakenndar. Þeim árangri verður eingöngu náð með skipulegum efnistöfum.

Tilgangurinn með *Leiðbeiningum um íðorðastarf (Guide to Terminology)* er að kynna í stuttu máli aðferðir og meginreglur í skipulegu íðorðastarfi ásamt því að sýna dæmi um hvernig þessar aðferðir eru notaðar. *Leiðbeiningarnar* eru ágrip og því ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í þeim stöðlum sem getið er um á bls. 14. Þeir staðlar eru skyldulesning fyrir þann sem leiðir íðorðahóp. Ekkert getur þó komið í stað reynslu við íðorðastörf. Reynt íðorðafólk getur því veitt ómetanlega hjálp við að yfirstíga þær hindranir sem óhjákvæmilega koma fram í öllu íðorðastarfi. Því er ráðlagt að vinnuhópar, sem eru byrjendur í íðorðastarfi, leiti ráða hjá reyndu íðorðafólki hvenær sem mögulegt er.

Enda þótt skipuleg íðorðavinna auki augljóslega gæði orðasafns getur aðferðin við fyrstu sýn virst of flókin, tímafrek og dýr til að unnt sé að nota hana. En í raun er ekki svo. Löng reynsla og tölfraðilegar upplýsingar um eldri verkefni sýna að eftir að komist hefur verið yfir byrjunarerfiðleika muni þessi skipulegu vinnubrögð í íðorðastarfi í rauninni stytta tímann sem fer í verkefnið og lækka talsvert heildarkostnað við það.

Þessar leiðbeiningar urðu til sem aukaefni vegna vinnu við alþjóðlega staðla. Frumkvæðið kom upphaflega frá notanda sem fann þörf fyrir stutt ágríp um aðferðir og meginreglur í hagnýtu íðorðastarfi. Fjöldi virtra samstarfsmanna og áhugamanna um íðorðastarf frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Kanada og Austurríki hefur verið mér mikil hjálp með gagnlegum og fræðilegum athugasemdum og kann ég þeim öllum bestu þakkir.

Helsingfors, í desember 1996

Heidi Suonuuti

Formáli höfundar í 2. útgáfu

Í endurskoðaðri annarri útgáfu *Leiðbeininga um íðorðastarf* (*Guide to Terminology*) eru einungis fáeinar breytingar: augljósar villur hafa verið leiðréttar og nauðsynlegar viðbætur hafa verið gerðar.

Þegar *Leiðbeiningarnar* voru upphaflega teknar saman árið 1996 var ekki að finna neina hnitmiðaða handbók um íðorðastarf. Alþjóðlegir staðlar voru allt of fræðilegir og flóknir fyrir hagnýtt íðorðastarf og enn var unnið að undirbúningi endurskoðaðrar gerðar. Algengast er að hópar, sem skipaðir eru fulltrúum úr því fagi sem um ræðir, vinni að gerð íðorðasafna. Þessir hópar hafa oft litla tiltrú á kenningum þar eð þeim finnst erfitt að beita þeim. Þörf var á leiðbeiningum fyrir íðorðastarf sem byggðust á notkun dæma frekar en kenninga. Að mínu áliti sýndi það þörfina á leiðbeiningum af þessu tagi að *Leiðbeiningarnar* voru brátt þýddar á fjögur tungumál, nánar tiltekið esperantó, króatísku, kínversku og spænsku.

Á undanförunum árum hafa verið gefnir út nýir alþjóðlegir staðlar. Þessir staðlar eru hagnýtari og hnitmiðaðri en áður. Þrátt fyrir það virðast þessar leiðbeiningar enn vel nothæfar sem kynning á aðferðum íðorðastarfsins.

Helsingfors, 1 september 2001
Heidi Suonuuti

Formáli að íslenskri þýðingu

Þetta rit er ætlað orðanefndum á Íslandi og ritstjórum orðasafna í orðabanka Íslenskrar málstöðvar sem og þýðendum, kennurum, fræðiritahöfundum og öðrum þeim sem taka saman íðorðaskrár af einhverju tagi eða þurfa af öðrum ástæðum að glöggva sig skipulega á sérfræðilegum orðaforða og vilja nota til þess staðlaða og alþjóðlega viðurkennda aðferð.

Árið 1991 gaf Íslensk málstöð út *Leiðbeiningar fyrir orðanefndir*, höf. Ari Páll Kristinsson, Sigrún Helgadóttir og Sigurður Jónsson, fjölr. sem handrit. Þar fjallaði Sigrún Helgadóttir m.a. um skipulag íðorðastarfsemi (í 1. kafla) og gagnagrunn fyrir skrásetningu á íðorðum ásamt dæmum (í 4. kafla) og Sigurður Jónsson tók saman almennan inngang að íðorðafræði (í 2. kafla). Enginn vafi er á því að þessir kaflar þeirra Sigrúnar og Sigurðar hafa nýst mörgum vel og gert það gagn sem til var ætlast. Eftir að orðabanki Íslenskrar málstöðvar var tekinn í gagn 1997 minnkaði raunar þörf fyrir sumt í þessu riti; það á einkum við um efni 4. kafla. Ari Páll Kristinsson samdi kaflann um íslenska orðmyndun í sama riti (3. kafla). Sá kafla hefur verið tekinn til rækilegrar endurskoðunar og kemur út sem sjálfstætt rit samhliða þessu: *Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða*. Smárit Íslenskrar málnefndar 3, 2004.

Tilgangur þessarar útgáfu er að endurnýja íðorðaleiðbeiningar af hálfu Íslenskrar málstöðvar og Íslenskrar málnefndar og freista þess jafnframt að vanda betur til slíkrar útgáfu en unnt var 1991. Og í stað þess að leita samninga um að gefa út á ný fyrrgreinda kafla úr bráðabirgðaútgáfunni, með þeim endurbótum sem nauðsynlegar voru, blasti við önnur hentugri leið: Sex árum eftir að Íslensk málstöð gaf út sínar *Leiðbeiningar fyrir orðanefndir* höfðu norrænu íðorðasamtökin Nordterm, sem Íslensk málnefnd á aðild að af Íslands hálfu, gefið út vandaðar leiðbeiningar um íðorðastarf, fyrst 1997 og endurbætta gerð 2001, undir heitinu *Guide to Terminology* sem rit nr. 8 í ritröð Nordterm. Höfundur leiðbeininganna er þekktur finnskur íðorðafræðingur, Heidi Suonuuti. Íslensk málnefnd á sjálfkrafa útgáfurétt á íslenskri þýðingu ritsins án endurgjalds sem aðili að Nordterm. *Guide to Terminology* hefur nú þegar komið út á esperantó (1998), króatísku (1999) og sænsku (2004) auk þess sem til eru frágengin handrit að kínverskri og finnskri útgáfu. Íslenska þýðingin hefur fengið heitið *Leiðbeiningar um íðorðastarf*. Ágústa Þorbergsdóttir bar hitann og þungann af þýðingunni og frágangi verksins.

Íslenska þýðingin fór að nokkru leyti eftir sænsku gerðinni sem kom út fyrir á þessu ári á vegum Terminologicentrum TNC undir heitinu *Terminologiguíden. En introduktion till terminologiarbete i teori och praktik*. Eins og fram kemur í formála sænsku þýðingarinnar fylgdi þeirri þýðingu talsverð endurskoðun á ritinu. Allar þær breytingar voru gerðar í samráði við Heidi Suonuuti. Hún hafði ekki síst haft staðlafólk í huga við fyrstu útgáfu ritsins en markhópur sænsku þýðingarinnar, eins og hinnar íslensku, er breiðari, þ.e. fyrst og fremst venjulegir sérfræðingar sem semja íðorðasöfn. Endurskoðunin miðaði því að því að gera ritið notadrygra og aðgengilegra fyrir fólk sem ekki er vant staðlavinnu. T.a.m. var 4. kafli stytur og endurbætur einnig gerðar á 3., 5. og 6. kafla sem og á staðlaskrá og ágrípinu um íðorðastarf í stuttu máli. Í íslensku þýðingunni hefur dæmum verið breytt sums staðar svo að betur hæfi íslenskum aðstæðum og máli og íðorðalistinn miðast vitaskuld við íslensku.

Íslensk málstöð nýtur stuðnings úr tungutækisjóði menntamálaráðuneytis til að gefa þetta rit út. Jafnframt styrkti sjóðurinn útgáfu endurbættra leiðbeininga um orðmyndun sem nefndar voru hér á undan og koma út sem Smárit Íslenskrar málnefndar 3 samhliða þessum leiðbeiningum um íðorðastarf almennt sem eru fjórða ritið í smáritaröðinni.

Tungutækisjóður styrkti einnig endurbætur á forritum orðabanka Íslenskrar málstöðvar sem gerðar voru 2003-2004. Orðabankinn var tekinn í gagnið 1997 og síðan hefur orðasöfnum í bankanum fjölgað hratt sem og heildarfjöldi færslna í orðabankanum. Þá hefur almenn notkun orðabankans vaxið hröðum skrefum ár frá ári. Hvort tveggja kallaði á endurbætur á hugbúnaði og er þeim lokið þegar þetta er ritað. Orðabankinn er án efa öflugasta hjálpargagn höfunda íðorðasafna á Íslandi. Sjá nánar: www.islenskan.is.

Heidi Suonuuti hefur kynnt sér íslensku útgáfuna og samþykkt hana fyrir sitt leyti.

Ari Páll Kristinsson
Íslenskri málstöð

Inngangur

Leiðbeiningar um íðorðastarf byggjast á alþjóðlegu stöðlunum ISO 704, 860 og 10241 (fullt heiti þeirra á bls. 14) og veita þær grundvallarupplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir árangursríkt íðorðastarf. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar öllum vinnuhópum sem sinna íðorðastarfi. Gefin eru raunveruleg dæmi um hvernig skrifa á skilgreiningar sem byggjast á íðorðagreiningu samkvæmt reglum. Leiðbeiningarnar koma þó ekki í staðinn fyrir reyndan íðorðafræðing. Ráðgast ætti við íðorðafræðinga hvenær sem mögulegt er og sérstaklega í upphafi íðorðavinnu.

Upplýsingar og aðstoð við íðorðastarf veita íðorðastofnanir. Á Íslandi er það Íslensk málstöð, Neshaga 16, IS-107 Reykjavík, www.islenskan.is. Skrá um stofnanir Nordterm er að finna á bls. 37.

Skrifstofa ISO/TC 37 veitir upplýsingar um nöfn og heimilisföng menntaðra íðorðafræðinga frá ýmsum löndum ef óskað er eftir:

ISO/TC 37 Secretariat
Aichholzgasse 6/12
AT-1120 Vín
Austurríki
Sími: +43-1-817 44 88, bréfasími: +43-1-817 44 88-44.
Tölvupóstur: infopoint@infoterm.org
<http://linux.infoterm.org>

Meginreglur og vinnureglur um íðorðastarf, sem lýst er í þessu leiðbeiningarriti, byggjast á reynslu sem fengin er af hagnýtu íðorðastarfi. Dæmin, sem eru notuð, eru tiltölulega venjuleg og hafa vísvitandi verið einfölduð til að auðvelda skilning.

Áður en hafist er handa við gerð orðasafns er mikilvægt að vinnuhópurinn þekki þær meginreglur sem kynntar eru í 1.-4. kafla.

Vinnuferlinu, sem á að fylgja við gerð íðorðasafns, er nánar lýst í 5. og 6. kafla. Í stuttu máli má draga það saman í eftirfarandi atriði:

- hugtak ákvarðað
- hugtakakerfi ákvarðað
- skilgreiningar samdar
- íðorð valin og búin til

Í reynd eru þessi skref oft stigin samtímis.

Ef farið er eftir þessum leiðbeiningum verður skipulag vinnunnar markvissara þar sem þær eru samkvæmt meginreglum í gæðastjórnun.

Ýmsir staðlar

Í *Leiðbeiningum um íðorðastarf* er þeim aðferðum, sem notaðar eru í íðorðastarfi, lýst í helstu atriðum. Nánari upplýsingar má m.a. finna í fjölda staðla sem gefnir eru út á vegum ISO/TC 37 (Íðorðafræði og önnur málleg gögn). Sjá eftirtaldar skrár um staðla:

Staðlar um meginreglur og aðferðir í íðorðavinnu

- ISO 704:2000 Terminology work - Principles and methods (unnið er að nýrri útgáfu)
- ISO 860:1996 Terminology work - Harmonization of concepts and terms (unnið er að nýrri útgáfu)
- ISO 1087-1:2000 Terminology work - Vocabulary - Part 1: Theory and application (unnið er að nýrri útgáfu)

Staðlar um vinnslu og gerð íðorðasafna

- ISO 10241:1992 International terminology standards - Preparation and layout (unnið er að nýrri útgáfu)
- ISO 639-1:2002 Codes for the representation of names of languages - Part 1: Alpha-2 code
- ISO 639-2:1998 Codes for the representation of names of languages - Part 2: Alpha-3 code
- ISO 15188:2001 Project management guidelines for terminology standardization
- ISO 12199:2000 Alphabetical ordering of multilingual terminological and lexicographical data represented in the Latin alphabet
- ISO 12616:2002 Translation-oriented terminology

Staðlar um tölvuvinnslu í íðorðastarfi

- ISO 1087-2:2000 Terminology work - Vocabulary - Part 2: Computer applications
- ISO 12620:1999 Computer applications in terminology - Data categories
- ISO 12200:1999 Computer applications in terminology - Machine-readable terminology interchange format (MARTIF) - Negotiated interchange
- ISO 16642 Computer applications in terminology - Terminological markup framework (TMF) (unnið er að útgáfu)
- ISO/CD 16503 Computer applications in terminology - Representation format for terminological data collections - MARTIF-compatible with specified constraints (MSC)
- ISO/TR 12618:1994 Computational aids in terminology - Creation and use of terminological databases and text corpora

1. Hugtakagreining

1.1 Samband milli vísimiðs, hugtaks, skilgreiningar og íðorðs

Vísimið eru raunveruleg fyrirbæri. Sum eru ápreifanleg (t.d. tré, gripir og efni), önnur eru óhlutbundin (t.d. þjóðfélag og heilsa).

Þegar við hugsum um vísimið, t.d. tré, veljum við í huganum fjölmarga eiginleika sem við teljum að einkenni það best. Í huga okkar verða þessir eiginleikar að óhlutstæðum fyrirbærum sem nefnd eru **einkenni** (sjá 1.2). Viss fjöldi einkenna myndar saman þekkingareiningu í huganum sem kallast **hugtak**. (Hugtakið *tré* hefur m.a. eftirfarandi einkenni: *trjáplanta sem er hávaxin, langlíf og með greinar og stofn sem stendur sjálfur*.)


Íðorðastarf er þverfagleg aðferð sem hefur það markmið að henda reiður á þekkingu og útbreiða hana.

Grundvallaratriði íðorðastarfsins er hugtakið.

Allt íðorðastarf er reist á hugtökum og venslum þeirra í hugtakakerfi.

Hugtak, sem er aðeins tengt einu vísimiði, er kallað **stakt hugtak** (t.d. *Eiffelturinn*). Þegar við hugsum um sams konar hluti (t.d. turna af ólíkri gerð) þá tinum við fram sameiginleg einkenni og setjum þau saman í **almennt hugtak** (t.d. *turn*). Hugtök eru óhlutbundin og til þess að fjalla um þau þurfum við skilgreiningar og íðorð. **Skilgreiningar** eru munnlegar eða skriflegar lýsingar á hugtakinu og **íðorð** eru heiti á hugtakinu. Íðorð geta verið eitt eða fleiri orð eða verið af öðrum toga eins og tákni. Sjá mynd 1.

Á mynd 1 eru atriðin neðst á píramídanum (annars vegar hlutir eða vísimið og hins vegar íðorð og skilgreiningar) öll annaðhvort ápreifanleg eða óhlutstæð fyrirbrigði í raunveruleikanum og hins vegar eru heiti á ýmsum tungumálum. Hugtakið, sem er efst á píramídanum, er hugræn eining. Til þess að geta talað um hugtökin verðum við að nota ákveðin heiti, þ.e. íðorð, eða skilgreiningar sem vísa til þeirra. Nánari upplýsingar um hugtakagreiningu má finna í ISO 704.



Mynd 1. Sambandið á milli vísimiðs, hugtaks, skilgreiningar og íðorðs.

1.2 Einkenni

Einkenni hugtaka samsvara eiginleikum vísimiðanna. Vanalega eru einkenni hugtaka fjölmörg. Mörg þeirra eru svo algeng að ekki er mögulegt að nota þau ein sér til að einkenna hugtak eða til að aðgreina frá öðrum hugtökum (bæði tré og hjól eru *ápreifanleg* og *hörð* og bæði geta verið *græn*). **Afmarkandi einkenni** eru þau einkenni sem ein eða ásamt öðrum einkennum ákvarða hugtakið og greina það frá öðrum hugtökum. Aðeins ætti að nota afmarkandi einkenni í skilgreiningum. (Þannig er t.d. *með stofn sem stendur sjálfur* afmarkandi einkenni sem aðgreinir tré frá klifurplöntum. Aftur á móti hafa allar plöntur rætur, þ. á m. tré, og því er einkennið *með rætur* ekki afmarkandi fyrir tré.)

1.3 Inntak og umtak hugtaks

Inntak hugtaks er samsafn allra einkenna þess. (Inntak hugtaksins *tré* er t.d. *trjáplanta*, *langlíf*, *með greinar* og *með stofn sem stendur sjálfur*.) Umtak hugtaks er safn allra þeirra vísimiða sem hugtakið getur vísað til. (Umtak hugtaksins *tré* nær yfir allar furur, greni, birki, eikur, eplatré og þess háttar en þó ekki ættartré!) Bæði er unnt að nota inntak og umtak til að skilgreina hugtök (sjá 2.1.1 og 2.1.2).

1.4 Hugtakakerfi


Hugtök eru ekki sjálfstæð fyrirbrigði. Þau eru alltaf tengd öðrum hugtökum á einn eða annan hátt og mynda **hugtakakerfi** sem getur verið tiltölulega einfalt eða ákaflega flókið. Í íðorðastarfi er greining á venslum hugtaka og skipun þeirra í hugtakakerfi skilyrði fyrir því að vinnan við að semja skilgreiningar verði árangursrík.

Hugtakakerfi flokkast eftir þeirri gerð vensla sem eru milli hugtakanna. Fyrst og fremst er greint á milli þriggja tegunda af venslum. Þau eru: **rökvensl** (e. generic relation), **hlutavensl** (e. partitive relation) og **tengdarvensl** (e. associative relation). Í reynd eru hugtakakerfi oft blönduð þar sem ólíkar tegundir vensla tengjast saman.

1.4.1 Rökvensl og hugtakakerfi

Um er að ræða rökvensl þegar tvö hugtök eiga sameiginlegt safn einkenna en annað þeirra, þ.e. undirskipaða hugtakið, hefur a.m.k. eitt einkenni til viðbótar sem afmarkar það. T.d. er *tré* yfirskipað hugtak og *barrtré* undirskipað hugtak og hefur afmarkandi einkennin *með barr* og *er berfrævingur*. Umtak **undirhugtaksins** er minna en **yfirhugtaksins** (það eru með öðrum orðum færri barrtré en tré).

Hugtakakerfi rökvensla byggist á rökvenslum milli hugtaka. Yfirhugtakið greinist niður í undirhugtök. Rökvenslin geta oft verið í stigum. Undirhugtak getur verið yfirhugtak annars undirhugtaks o.s.frv. (t.d. má greina *barrtré* niður í *greni* og *furu*). Sjá mynd 2.




Mynd 2. Rökvenslakerfi um *tré*, sýnt sem venslarit.

Hugtak getur greinst niður á fleiri en einn hátt. Undirflokkun trjáa getur t.d. verið á eftirfarandi hátt:

- tegundir (mynd 2: *barrtré*, *laufré*)
- eiginleikar tegundarinnar (mynd 3: *ljóssækið tré*, *skuggþolið tré*)
- lauffall (mynd 3: *sígrænt tré*, *sumargrænt tré*)


Tvö undirhugtök, sem standa hlið við hlið undir sama flokkunarviðmiði, kallast **hliðskipuð hugtök**. Á mynd 4 eru t.d. *ljóssækið tré* og *skuggþolið tré* hliðskipuð hugtök en *ljóssækið tré* og *sumargrænt tré* eru það ekki.



Mynd 3. Tvö einvíð hugtakakerfi um *tré*, sýnd sem venslarit.

Undirflokkuninum, sem eru hliðstæðar og óháðar hver annari á mynd 3, er hægt er að lýsa sem undirflokkunum hugtaks með fleiri en eitt flokkunarviðmiði. Í íðorðastarfi er litið á þessar undirflokkunir sem sérstök hugtakakerfi með sama yfirhugtök. Samt sem áður er oft auðveldara að skilja hvernig mörg hugtakavensl falla saman og mynda eitt hugtakakerfi með fleiri en einu flokkunarviðmiði, þ.e. svokallað fjölvídda hugtakakerfi (sjá mynd 4).

Þegar fjölvídda hugtakakerfi er lýst með venslariti eru flokkunarviðmiðin gefin til kynna með línunum sem tákna mismunandi undirflokk.




Mynd 4. Fjölvídda rökvenslakerfi um *tré*, sýnt sem venslarit.

1.4.2 Hlutavensl og hugtakakerfi

Um er að ræða hlutavensl þegar yfirhugtak tengist einhverju vísimiði í heild sinni og undirhugtökin tengjast hlutum þeirrar heildar (t.d. tré og hlutar þess: stofn, greinar, rætur o.fl.).


Hlutahugtakakerfi getur verið á ýmsa vegu. Hlutarnir, sem mynda heildina, geta verið sams konar (eins og tvær súrefnisfrumeindir sem mynda eina súrefnis-sameind) eða mismunandi (eins og árstíðirnar fjórar sem mynda árið). Stundum skiptir fjöldi hlutanna miklu máli (tvær súrefnisfrumeindir mynda súrefni en þrjár súrefnisfrumeindir mynda óson), stundum ekki (stóll getur haft 1-4 fætur). Heildin getur verið lokað kerfi þar sem einstakir hlutar eru fastákveðnir (ár með sínum árstíðum) eða opið kerfi þar sem viðbótarhlutar geta bæst við (rafbúnaður er heild sem nær a.m.k. yfir eitt raftæki).



Mynd 5. Hluthugtakakerfi um *tré*, sýnt sem hrífurit.

Á mynd 5 er hlutavenslakerfi sýnt aðferðafræðilega á réttan hátt. Í rauninni eru þó heitin *trjárót* og *trjágrein* ekki talin íðorð í orðalista um *tré*. Í staðinn væru notuð íðorðin *rót* og *grein* sem vísa til almennari hugtaka.

Líkt og rökvenslakerfi getur hlutavenslakerfi verið í nokkrum stigum og greinst niður samkvæmt mismunandi flokkunarviðmiðum (sjá mynd 6).



Mynd 6. Fjölvídda hluthugtakakerfi, sýnt sem hrífurit.

1.4.3 Tengdarvensl og hugtakakerfi


Tengdarvensl ná yfir margs konar vensl þar sem ekki er um að ræða stigveldi:

orsök → afleiðing
framleiðandi → afurð
verknaður → gerandi
verknaður → staður

hlutur → staður
hlutur → verknaður
verkfæri → hlutverk
efni → afurð

vor → *tré laufgast*
þröstur → *þratarhreiddur*
hreiddurgerð → *fugl*
hreiddurgerð → *tré*
pappírsgerð → *pappírsværksmiðja*
hreiddur → *tré*
eplatré → *ávaxtatínsla*
pappírsvél → *pappírsgerð*
tré → *pappír*

Tengdarvenslin milli hugtaka í hugtakakerfi geta verið breytileg (sjá mynd 7).



Mynd 7. Tengdarvenslakerfi, sýnt sem örvamynd.

Tengsl:

1. uppruni → efniviður
2. ferli → efniviður
3. vél → vinnsluáðferð
4. vél → lokaafurð

2. Skilgreiningar

Hvernig til tekst í íðorðastarfi ræðst fyrst og fremst af gæðum skilgreininga.

Skilgreiningar á að skrifa þannig að hugtökin séu færð á réttan stað og þeim sé lýst á fullnægjandi hátt í því hugtakakerfi sem um ræðir. Áður en skilgreining er skrifuð er nauðsynlegt að greina eftirfarandi:

- nátengd hugtök í því hugtakakerfi sem um er að ræða
- tegundir af venslum sem eru milli hugtaka

Á myndum 4, 5 og 7 eru dæmi um skilgreiningar sem byggjast á mismunandi venslum hugtakakerfa.

Skilgreining á að lýsa aðeins einu hugtaki. Ef íðorð stendur fyrir fleiri en eitt hugtak á því fræðasviði, sem fjallað er um, á hvert hugtak að hafa sérstaka færslu í orðasafninu (sjá nánar 6.2).

2.1 Tegundir skilgreininga

Í íðorðasöfnum geta skilgreiningar verið

- inntaksskilgreiningar sem lýsa sérkennum og eiginleikum hugtaksins
- umtaksskilgreiningar sem telja upp hluti eða atriði sem hugtakið nær yfir

Sjá 1.3.

2.1.1 Inntaksskilgreiningar

Algengast er að lýsa sérkennandi eiginleikum hugtaks í skilgreiningum. Öll hugtök hafa fjölda einkenna og ef þau yrðu öll talin upp yrði skilgreiningin óskiljanleg. Þess vegna byggjast inntaksskilgreiningar þar sem um rökvensl er að ræða alltaf á yfirhugtaki sem nær yfir grundvallareinkenni og færir hugtakið í rétt samhengi meðal skyldra hugtaka (*tré* á meðal *plantna*; *pappírsvél* meðal annarra *véla* o.s.frv.). Annað, sem tekið er fram í skilgreiningunni, lýsir sérkennandi einkennum sem nauðsynleg eru til að aðgreina hugtakið frá öðrum skyldum hugtökum.

Dæmi **ljóssækið tré**
tré sem þarfnast ljóss

skuggþolið tré
tré sem þolir að vera í skugga

eðallofttegundir

lofttegundir sem geta ekki gengið í samband við önnur efni

Fleiri dæmi má sjá í skilgreiningum við myndir 4, 5 og 7.

2.1.2 Umtaksskilgreiningar

Í umtaksskilgreiningu er umtak hugtaksins skilgreint með því að telja upp alla hluti eða atriði sem falla undir það.

Dæmi

eðallofttegundir

helíum, neon, argon, krypton, xenon eða radon

Sjá einnig skilgreiningu á barrtré í 2.5.3.3.

2.2 Eðli skilgreininga

Skýr boðskipti krefjast þess að lýsing á hugtökum, venslum þeirra og mismun þeirra sé ótvíræð. Þess vegna er mikilvægt að gera sér ljóst þegar skilgreining er samin hvernig hugtakið fellur inn í hugtakakerfið sem unnið er eftir.

Í rökvenslakerfi byggjast inntaksskilgreiningar alltaf á næsta yfirhugtaki. Þá eru afmarkandi einkenni valin til að sýna vensl á milli yfirhugtaka og undirhugtaka og milli hliðskipaðra hugtaka.

Dæmi

tré

trjáplanta sem er hávaxin, langlíf og með greinar og stofn sem stendur sjálfur

barrtré

tré sem er berfrævingur og með barrnálar

Í hlutavenslakerfi eru vensl á milli yfirhugtaks og undirhugtaks aðeins sýnd í einni af skilgreiningum hugtakanna. (Sjá einnig 2.5.3.2.)

Dæmi

skæri

verkfæri með tveimur samfestum **skærablöðum** til að klippa með, festum saman í miðjunni þannig að þau mynda stafinn X þegar þau opnast og skera þegar þau lokast

skærablað

blað úr málmum með egg á annarri hliðinni og hringlaga handfang

ár

tímaeining sem er jafnlöng göngu jarðar um sólu

árstíð

hluti árs sem einkennist af svipuðu veðurfari

Þegar um er að ræða tengdarvensl milli hugtaka hefst inntakskilgreining vanalega með íðorði sem táknar rökvenslayfirhugtak (sjá einnig 2.1.1) og á eftir koma einkenni sem sýna samsvarandi tengdarvensl.

Dæmi	bjálkahús tímurbhús sem er reist úr bjálkum	→	bjálki trjábólur ætlaður í vélvinnslu
	eldspýtnaviður bolviður til framleiðslu á eldspýtum	→	eldspýta lítill spýta með eldsmat og kveikiefni á öðrum endanum

2.3 Nákvæmni skilgreininga

Skilgreiningar þurfa að vera eins stuttar og mögulegt er. Skilgreiningar, sem ritaðar eru af vandvirkni, ættu eingöngu að fela í sér upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að færa hugtakið á réttan stað í hugtakakerfið. Allar viðbótarupplýsingar eða dæmi á að setja í athugasemdadálk. Dæmi um slíkar viðbótarupplýsingar geta verið einkenni sem skipta máli án þess að vera grundvallareinkenni eða þá upptalning á dæmigerðum hlutum sem falla undir umtak hugtaksins.

Dæmi	sígrænt tré tré sem heldur blöðum á köldum árstíma á vissum breiddargráðum þar sem slíkar árstíðir koma reglubundið en getur fellt blöð sín þar sem er meira heimskaualoftslag eða tré sem vex í loftslagi þar sem eru engin árstíðaskipti
------	--

Frekar ætti að rita:

sígrænt tré
tré sem heldur blöðum sínum allt árið

Athugasemd: Það getur farið eftir loftslagi hvort tré heldur blöðum sínum og þannig fallið í flokk sígrænna trjáa.

2.4 Umskiptireglan

Í textum eru íðorð og skilgreiningar „einingar“ sem má víxla. Þetta merkir að hægt er ef þörf krefur að setja skilgreiningu í stað íðorðs (með minni háttar breytingum). Til þess að dæma um hvort skilgreining er formlega rétt eða ekki má reyna **umskiptiregluna** og víxla á íðorði og skilgreiningu þess, t.d. í annarri skilgreiningu.

2.5 Gallaðar skilgreiningar

Algengustu tegundir af gölluðum skilgreiningum eru hringskýringar, ófullkomnar skilgreiningar og neikvæðar skilgreiningar. Nánari upplýsingar um aðrar gerðir af ófullnægjandi skilgreiningum má fá hjá reyndum íðorðafræðingum eða í handbókum um íðorðastarf.

2.5.1 Hringiskilgreiningar

Um hringiskilgreiningu er að ræða þegar hugtak er skilgreint með því sjálfu beint eða óbeint. Hringiskilgreining eykur því ekki skilning á hugtakinu. Til eru tvær gerðir hringiskilgreininga:

- innri hringur, þ.e. innan sömu skilgreiningar
- ytri hringur, þ.e. innan sama hugtakakerfis

Skilgreining myndar hring innan einnar og sömu skilgreiningar þegar hugtakið er endurtekið eins og yfirhugtak (dæmi 1) eða eitt af einkennunum (dæmi 2) í skilgreiningunni.

Dæmi 1 **trjáhæð**
trjáhæð sem er mæld frá jarðvegi að trjátopp

Frekar ætti að rita:

trjáhæð
fjarlægð á milli jarðvegs og trjátopps

Dæmi 2 **sígrænt tré**
tré sem er sígrænt

Frekar ætti að rita:

sígrænt tré
tré sem heldur blöðum sínum allt árið

Hringur myndast í hugtakakerfi ef tvö eða fleiri hugtök eru skilgreind hvort eða hvert með öðru.

Dæmi **réttsælis**
sem hreyfist í átt sem er andstæð við **rangsælis**

rangsælis
sem hreyfist í átt sem er andstæð við **réttsælis**

Frekar ætti að rita:

réttsælis

sem hreyfist eins og vísar á klukku

Skilgreiningin á *rangsælis* gæti samt sem áður haldist eins og hún er þar sem hún sýnir að *rangsælis* er skylt *réttsælis*.

2.5.2 Neikvæðar skilgreiningar

Skilgreining á að jafnaði að lýsa því hvað hugtak er, ekki hvað það er ekki. Samt sem áður getur þó verið nauðsynlegt að skilgreina sum hugtök á þennan hátt þar sem þau eru aðgreind frá öðrum hugtökum einmitt þannig að ákveðin sérkenni eru ekki til staðar.

Dæmi Óheppilegar, neikvæðar skilgreiningar:

sumargrænt tré

tré sem er ekki sígrænt

Frekar ætti að rita:

sumargrænt tré

tré sem fellir blöð á hverju ári

Neikvæð skilgreining sem er viðurkennd:

nauðasköllóttur

sem hefur ekki hár á höfðinu

Meginreglan er sú að skilgreiningar á að orða jákvætt. Í vissum tilvikum getur þó eitt af sérkennunum haft að geyma neitandi orðalag, t.d. ef það er mjög mikilvægt, er málvenja eða á sér ríka hefð.

2.5.3 Ófullkomnar skilgreiningar

Skilgreining þarf að vera nákvæm. Hún má hvorki vera of víð né of þröng.

2.5.3.1 Of víðar skilgreiningar

Skilgreining er of víð ef hún veitir ekki þær grundvallarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að afmarka hugtakið á skýran hátt.

Dæmi Eftirfarandi skilgreining á tré er of víð vegna þess að í henni kemur ekki fram að planta megi ekki vera klifurjurt til að vera tré. Út frá þessari skilgreiningu félli vínviður ranglega hér undir hugtakið tré.

tré

trjáplanta sem er hávaxin

2.5.3.2 Of þröngar skilgreiningar

Skilgreining er of þröng ef hún felur í sér sérkenni sem tilheyra ekki hugtakinu og útilokar hluti eða atriði sem hugtakið ætti að ná yfir.

Dæmi Eftirfarandi skilgreining á barrtré er of þröng þar sem hún útilokar barrtré sem fella barrið eins og lerki, fenjagreni og fenjasýprus. Rétt skilgreining ætti ekki að fela í sér einkennið sígrænn. Rétt yfirhugtak er þess vegna tré. (Sjá skilgreiningu í 2.2.)

barrtré

sígrænt tré með nárlarlega blöð og er berfrævingur

Of þröng skilgreining er algengust þegar hugtak, sem er mikið notað, er skilgreint eins og það tilheyri aðeins einu hugtakasviði.

Dæmi Of þröng skilgreining:

frjósemi

geta **trés** til að eignast afkvæmi

Frekar ætti að rita:

frjósemi

geta til að eignast afkvæmi

Dæmi Of þröng skilgreining í hlutavenslum:

strá

meginefniviður í hreiðrum þrasta

Þegar algeng hugtök eru skilgreind eins og þau tilheyri eingöngu einu sviði verður erfðara að nota skilgreiningar úr öðrum orðasöfnum og það leiðir þar með til aukinnar vinnu sem er ónauðsynleg. Með kostnað íðorðaverkefna í huga ættu hópar, sem starfa á skyldum sviðum, að forðast að skilgreina aftur og aftur sömu hugtök.

Í sumum tilvikum gæti þó verið nauðsynlegt að takmarka skilgreiningar við sérstakt efnissvið. Efnissviðið ætti að vera gefið upp innan oddklofa á undan skilgreiningunni.


Dæmi Rétt framsetning:

blæðing

<grasafræði> útstreymi vökva úr lifandi hluta plöntu gegnum sár á yfirborði hennar

Undirhugtak í hlutavenslum ætti að skilgreina sem „**hluti af** ...“ aðeins ef það er eingöngu notað sem hluti þeirrar heildar sem á að skilgreina.

Skilgreinið ekki almenn hugtök eins og *rót*, *grein*, *blað*, *skrúfa*, *hjól* og þess háttar eins og þau væru einungis hluti af tilteknum hlut eða tiltekinni tegund hluta.



Mynd 8. Dæmi um hlutahugtakakerfi.

Í reynd eru iðorðin *rót* og *grein* fremur notuð en *trjárót* og *trjágrein*.

2.5.3.3 Ófullkomnar umtaksskilgreiningar

Í umtaksskilgreiningu ætti að telja upp alla hluti sem umtak hugtaksins nær yfir. Ekki kemur til greina að nota framsetningu eins og **eftirfarandi**, **t.d.** eða **o.s.frv.** Ófullkomin upptalning á þeim hlutum, sem hugtakið nær yfir, getur þó fylgt athugasemd með skilgreiningu.

Dæmi Barrtré ætti ekki að skilgreina á eftirfarandi hátt:

barrtré

algeng barrtré eru sedrustré, sýprusviðir, greni, lerki, spænskar furur, rauðviðir og furur

Frekar ætti að rita:

barrtré

tré með nárlarlega blöð og er berfrævingur

Athugasemd: Algeng barrtré eru sedrustré, sýprusviðir, greni, lerki, spænskar furur, rauðviðir og furur.

2.5.4 Faldar skilgreiningar innan skilgreininga

Skilgreining á að lýsa aðeins einu hugtaki. Þess vegna á ekki að skýra innan skilgreiningarinnar önnur íðorð en það sem á að standa fyrir hugtakið sem skilgreiningin lýsir. Skilgreining á aðeins að ná yfir hugtök sem eru kunnug ætluðum notendum eða eru skilgreind annars staðar í orðasafninu. Hugtak, sem þarfnast skýringar, á að skilgreina í sérstakri færslu.

Dæmi Í eftirfarandi skilgreiningu á orðinu tré er falin skilgreining á grein:

tré


trjáplanta sem er hávaxin, langlíf, með stofn sem stendur sjálfur og greinar, þ.e. **hliðarvöxt út úr meginstofni**

Hér þarf að skilgreina orðið *grein* í sérstakri færslu.

2.6 Skýringarmyndir

Skýringarmynd má nota sem viðbót við skilgreiningu en ekki til að koma í staðinn fyrir hana. Ef skýringarmynd er notuð ætti hún helst að birtast á sama stað og viðkomandi færsla.

Dæmi **mergur**
miðhluti stofns í tilteknum plöntum
Sjá mynd 9.



Mynd 9. Mergur.

3. Íðorð

3.1 Tegundir íðorða

Íðorð getur verið eitt orð (*tölva*), samsett orð (*gróðurhúsaáhrif*) eða orða-samband (*temprað belti*). Í íðorðasöfnum eru flest íðorð nafnorð í eintölu en þau geta einnig verið fleirtölunafnorð (*notendagögn*), sagnir (*tölvuvæða*), lýsingarorð (*rafrænn*) og atviksorð (*ársfjórðungslega*). Um myndun íslenskra íðorða sjá *Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða*, Smárit Íslenskrar málnefndar 3, 2004.

3.2 Kröfur við val á íðorðum og myndun þeirra

Það íðorð, sem valið er fyrir hugtak, verður að vera myndað í samræmi við reglur tungumálsins sem um ræðir. Það ætti einnig að endurspegla einhver einkenni hugtaksins og vera stutt. Íðorðið þarf að geta beygst og það þarf að vera auðvelt að mynda af því afleiddar myndir. Sjá ISO 704 um nánari upplýsingar um myndun íðorða innan alþjóðlegrar stöðlunar. Um íslenska orð-myndun, sjá *Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða*, Smárit Íslenskrar málnefndar 3, 2004.

3.3 Æskileg, heimiluð og óæskileg íðorð

Ákjósanlegt væri að hafa aðeins eitt íðorð um hvert hugtak. Ef fleiri en eitt íðorð er notað um sama hugtak ætti að velja eitt þeirra úr sem æskilegt íðorð. Stundum getur þó verið þörf á að mæla með fleiri en einu íðorði. Samheiti, þar á meðal styttingar, ætti að skrá sem **heimiluð** eða **óæskileg** samheiti. Í undantekningartilvikum gæti skammstöfun verið valin sem æskilegt íðorð en það á aðeins við ef skammstöfunin er algengasta formið (dæmi DNA fyrir *deoxýríbósakjarnsýru*). Fullt heiti ætti þá að skrá sem samheiti.

4. Hugtakasamræming og íðorðasamræming

Þörf gæti verið á samræmingu hugtaka og íðorða milli mismunandi efnissviða í tilteknu tungumáli eða á milli mismunandi tungumála. Markmið **hugtaka-samræmingar** er að minnka eða losna við mun á milli tveggja eða fleiri náskyldra hugtaka. Ef mismunurinn er smávægilegur getur hann stundum jafnast út. Í hugtakasamræmingu felst alltaf að mismunandi hugtakakerfi eru borin saman. Það felur aldrei í sér beina yfirlærslu hugtakakerfis úr einu tungumáli yfir í annað tungumál. Hugtakasamræming er mikilvægur hluti alþjóðlegs stöðlunarstarfs. (Sjá nánar í ISO 860.)

Hvorki er mögulegt né skynsamlegt að samræma íðorð eða flokk íðorða á milli mismunandi tungumála áður en hugtök hafa verið samræmd. Í samræmingarvinnunni er mikilvægt að láta ekki íðorð, sem líkjast að forminu til, villa fyrir sér, t.d. svokallaða „falska vini“. Dæmi um falska vini væri danska *seng* (á íslensku *rúm*) og íslenska *sæng* (á dönsku *dyne*).

Í **íðorðasamræmingu** á að gæta þess að þvinga ekki tiltekin tungumál til að taka upp orðmyndunaraðferðir annars tungumáls sem samræmast ekki málvenjum og málkerfi þeirra. Þó ætti að leitast við að nota sömu einkenni við myndun íðorða til þess að reyna að kalla fram samræmi í íðorðum milli tungumála eftir því sem það er unnt.

Að því er varðar íslensku sjá að öðru leyti *Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða*, Smárit Íslenskrar málnefndar 3, 2004.

5. Afmarkaðir þættir íðorðaverkefnis

Í þessum kafla eru leiðbeiningar fyrir vinnuhópa sem taka saman orðasöfn. Íðorðastarfið getur verið af ýmsum toga og því eiga ekki allir undirflokkarnir við.

5.1 Vinnuhópur

Góð stærð vinnuhóps í íðorðastarfi er 5-8 menn. Ef hópurinn hefur ekki reynslu af (skipulögðu) íðorðastarfi er skynsamlegt að leita aðstoðar reynds íðorðafræðings sem gæti verið hópnum til aðstoðar.

Það mun hraða vinnunni og auka gæði hennar. Ef mögulegt er ætti að bjóða upp á kynningu á íðorðastarfi fyrir alla í hópnum.

Helstu verkefni íðorðahópa eru í eftirfarandi stigum:

- Meta þarfirnar
- Ákvarða markhóp og afmarka efnissviðið
- Greina hugtökin
- Safna og skrá íðorðaheimildir
- Setja fram íðorðalista
- Setja fram hugtakakerfi og teikna venslamynd um hugtökin
- Skrifa skilgreiningar
- Velja eða mynda íðorð
- Endurskoða skýringarmyndir hugtaka

Í reynd geta mörg þessara stiga komið fyrir samtímis.

5.2 Afmörkun efnis

Fræðasviðið ætti að afmarka vandlega í samræmi við markmið orðasafnsins og þarfir markhópsins. Afmörkun felur í sér að gerð er nákvæm lýsing á fræðasviðinu og greiningu í hugsanlega undirflokk.

5.3 Tímaáætlun

Nákvæma tímaáætlun ætti að vinna fyrir verkefnið svo fljótt sem hægt er. Í tímaáætluninni ætti að vera skrá yfir ólíka verkþætti, tímaáætlun fyrir hvern þeirra og lýsing á ábyrgðinni sem þátttakendurnir í vinnuhópnum bera og aðrir sem verkefninu tengjast.

5.4 Fjöldi hugtaka

Vinnuhópur getur aðeins fjallað um takmarkaðan fjölda hugtaka. Ef hugtökin eru of mörg getur hæglega orðið ósamræmi og ósamkvæmni í því hvað tekið er með og þar að auki væri það mjög tímafrekt. Ef fjöldi hugtaka fer yfir 200 er oft nauðsynlegt að greina verkefnið í undirverkefni.

5.5 Söfnun, val og greining á efni úr heimildum

Fara þarf yfir allar skráðar heimildir á viðkomandi sviði. Þar kunna að finnast nothæf hugtakakerfi, dæmi, skýringarmyndir, íðorð o.s.frv. Dæmi um mikilvæg megingögn, sem ætti að fara yfir, eru lög, reglugerðir, tilskipanir, staðlar, handbækur, vísindaritgerðir, tímarit, leiðbeiningar, skýrslur, orðasöfn, orðabækur,

alfræðibækur, gagnasöfn. Meta skal hvort heimildirnar eru áreiðanlegar og nothæfar. Þýddar heimildir skyldi nota af varkárni.

Heimildirnar ætti að kanna í þeim tilgangi að finna hugtökin sem tilheyra viðkomandi sviði. Í upphafi ætti því ekki að takmarka of mikið fjölda þeirra iðorða og hugtaka sem safnað er.

Eftirfarandi greiningu hugtaka í fjóra flokka má hafa til viðmiðunar við að ákvarða hvort taka eigi hugtak með eða ekki:

1. Sérhæfð hugtök, þ.e. hugtök sem tilheyra því sérsviði sem er til umfjöllunar.
2. Þverfagleg hugtök, þ.e. hugtök sem eiga heima á tveimur eða fleiri sviðum.
3. Hugtök sem fengin eru úr skyldum fræðasviðum.
4. Hugtök sem notuð eru í almennu máli.

Lokagerð orðasafnsins ætti einkum að ná yfir hugtök úr fyrsta flokki og aðeins takmarkaðan fjölda hugtaka úr öðrum og þriðja flokki. Hugtök úr almennu máli (fjórði flokkur) ætti aðeins að taka með í undantekningartilvikum. Við skráningu þeirra gagna, sem safnað hefur verið, ætti að taka heimildina skýrt fram.

Nánari upplýsingar um skráningu iðorðaefnis, sjá 6. kafla og ISO 10241.

5.6 Hugtakakerfi og skilgreiningar

Þau hugtök, sem valin eru, ætti að skrá í hugtakakerfi á þann hátt að sérhverju hugtaki sé fenginn sérstakur staður í kerfi. Skynsamlegt gæti verið að byrja á rökvenslum og halda áfram með hlutavensl og tengdarvensl. Gagn gæti verið að skýringarmynd eða greinargóðum lista sem sýnir vensl milli hugtaka þegar hugtakakerfi er skipulagt.

Þau hugtök, sem valin eru, ætti að skilgreina skv. leiðbeiningum í 2. kafla. (Nánari upplýsingar er að finna í alþjóðlegu stöðlunum ISO 704, 860 og 10241.) Í reynd er uppkast að skilgreiningum oft samið á sama tíma og hugtakakerfið er smíðað. Ef fyrst er gert uppkast að hugtakakerfi er vanalegt að það sé endurskoðað þegar skilgreiningar eru samdar. Almenna reglan er sú að skilgreiningar ættu að vera skýrar og nákvæmar. Þegar tekin er upp skilgreining frá öðrum þarf sérstaka varkárni til að forðast villur og misræmi.

6. Framsetning á íðorðagögnum

6.1 Íðorð og skilgreining

Eftirfarandi gildir fyrir íðorð og skilgreiningar:

- Bæði íðorð og upphafsorð í skilgreiningu á að vera í eintölu (nema hugtakið, sem á að skilgreina, sé fleirtöluorð, t.d. *hávaðamörk*).
- Íðorð á að vera án greinis ef ekki er sérstök ástæða til annars. Upphafsorð skilgreiningar á ekki að vera með ákveðnum greini nema sérstök ástæða sé til þess.
- Íðorð og alla skilgreininguna á að rita með lágstöfum (fyrir utan hugsanleg nöfn sem kynnu að koma fyrir í íðorðinu eða skilgreiningunni). Ekki er settur punktur á eftir skilgreiningunni.
- Skilgreiningu á ekki að hefja með orðalagi eins og „íðorð sem notað er fyrir ...“ eða „íðorð sem tákna ...“ eða „hugtak sem tákna ...“ eða „hugtak myndað af ...“ eða „X er ...“ eða „X merkir ...“
- Ef skilgreiningin er fengin úr heimild, sem hefur stöðlunargildi, á að vísa til þeirrar heimildar á eftir tilvitnuninni.
- Eingöngu æskileg íðorð, þ.e. þau íðorð sem mælt er með um ákveðin hugtök, ættu að vera í skilgreiningum í orðasafninu.
- Íðorð, sem eru skilgreind í orðasafninu, á að merkja með leturbreytingum, t.d. með feitlettri eða skáletri, þegar þau eru notuð í öðrum skilgreiningum í orðasafninu.

6.2 Færsla

Niðurstaða úr íðorðavinnu er skráð í íðorðafærslu. Í hverri færslu koma fram upplýsingar um eitt hugtak. Íðorð um aðgreind hugtök koma fram í aðgreindum færslum.

Í stöðlunarstarfi eiga a.m.k. eftirfarandi atriði að koma fram í hverri færslu:

- a. númer færslu
- b. æskilegt íðorð
- c. skilgreining hugtaksins

Dæmi um færslu úr stöðlunarstarfi

1.3

stöðlunarsvið

flokkur skyldra **viðfangsefna til stöðlunar** (1.2)

Aths. Dæmi um stöðlunarsvið eru tækni, flutningar, landbúnaður ásamt stærðum og einingum.

Viðbótarupplýsingum má bæta við og setja fram í samræmi við ISO 10241.

Íðorðastofnanir innan Nordterm hafa í sameiningu útbúið eigið norrænt færslusnið, Nordic Terminological Record Format, NTRF.

Dæmi um færslu í NTRF-sniði:

IS00	miðbaugur
IS30	ímynduð lína sem skiptir jörðinni í norður- og suðurhvel miðja vegu milli heimskautanna
IS00	hálfdeigjuplanta
IS30	planta sem þrífst í tempruðu loftslagi við miðlungsraka
IS00	hugsjónastefna
IS00p	kv.
EN00	idealism
IS15	raunsæisstefna
IS30	sú stefna að lifa samkvæmt <hugsjónum> sínum og óskmyndum
IS50	Í bókmenntum er hið æskilega sett fram til fyrirmyndar og eftirsóknar jafnvel þótt það sé ekki alls kostar raunhæft.

Sömu færslur eins og þær birtast í útgefnu orðasafni:

miðbaugur

ímynduð lína sem skiptir jörðinni í norður- og suðurhvel miðja vegu milli heimskautanna

hálfdeigjuplanta

planta sem þrífst í tempruðu loftslagi við miðlungsraka

hugsjónastefna kv.

sú stefna að lifa samkvæmt *hugsjónum* sínum og óskmyndum

Í bókmenntum er hið æskilega sett fram til fyrirmyndar og eftirsóknar jafnvel þótt það sé ekki alls kostar raunhæft.

s.e. raunsæisstefna

– idealism

6.3 Röð á færslum

Staðlar kveða á um að færslum skuli raða röklega í orðasöfnum. Stafrófsröðuð og blönduð framsetning er þó oft heppilegri með tilliti til leitar í orðasafninu. Sjá nánar ISO 10241.

6.4 Tölvuvinnsla

Til að skrá og setja fram íðorðagögn getur verið nægilegt að nota ritvinnsluforrit, skráningarforrit eða einfalt gagnagrunnsforrit við lítil verkefni. Í verkefnum, sem eru stór í sniðum, þyrfti að hugsa út í að nota þróaðri íðorðaskráningarkerfi (sjá einnig ISO/TR 12618). Orðabanki Íslenskrar málstöðvar á Netinu býður upp á sérhæft orðabókarforrit (án endurgjalds) sem sjálfsagt er að nýta sér.

Íðorðaskrá ásamt tilvísunum

almennt hugtak

e. general concept
s. allmänbegrepp
-sjá bls. 15

einkenni

e. characteristic
s. kännetecken
-sjá bls. 16

hliðskipað hugtak

e. coordinate concept
s. sidoordnat begrepp, sidobegrepp
-sjá bls. 17, 22

hlutavensl

e. partitive relation
s. partitiv relation
-sjá bls. 18

hugtak

e. concept
s. begrepp
-sjá bls. 15

hugtakakerfi

e. concept system
s. begreppssystem
-sjá bls. 16

hugtakasamræming

e. concept harmonization
s. begreppsharmonisering
-sjá bls. 30

hugtakavenslamynd

e. concept diagram
s. begreppsdiagram
-sjá bls. 17, 18

inntak hugtaks

e. intension
s. intension, begreppsinniháll
-sjá bls. 16

inntaksskilgreining

e. intentional definition
s. intensionell definition
-sjá bls. 21

íðorð

sh. heiti
e. term
s. term
-sjá bls. 15

íðorðafraeðingur

s. terminolog
e. terminologist
-sjá bls. 12

íðorðafærsla

sh. færsla
e. terminological entry
s. termpost
-sjá bls. 33

íðorðasamræming

e. term harmonization
s. termharmonisering
-sjá bls. 30

óæskilegt íðorð

e. deprecated term

s. avrúdd term

-sjá bls. 29

rökvensl

e. generic relation

s. generísk relation

-sjá bls. 16

samheiti

e. synonym

s. synonym

-sjá bls. 29

skilgreining

e. definition

s. definition

-sjá bls. 21

stakt hugtak

e. individual concept

s. individualbegrepp

-sjá bls. 15

tengdarvensl

e. associate relation

s. associatívf relation

-sjá bls. 20

umtak hugtaks

e. extension

s. extension, begreppsomfang

-sjá bls. 16

umtaksskilgreining

e. extensional definition

s. extensionell definition

-sjá bls. 22

undirhugtak

e. subordinate concept

s. underordnat begrepp, underbegrepp

-sjá bls. 16

vísimið

e. object

s. referent

-sjá bls. 15

yfirhugtak

e. superordinate concept

s. överordnat begrepp, överbegrepp

-sjá bls. 16

æskilegt íðorð

e. preferred term

s. rekommenderad term

-sjá bls. 29

Stofnanir innan Nordterm

Nordterm er norrænn vettvangur fyrir stofnanir og samtök sem vinna við og taka þátt í íðorðastarfi, -rannsóknnum og -fræðslu.

Sjá vef Nordterm: <http://www.tsk.fi/nordterm/is.html>

Kjarni Nordterm eru eftirtaldir miðstöðvar íðorðastarfs í norrænu löndunum:

DANTERMcentret

Bernhard Bangs Allé 17 A
DK-2000 Frederiksberg, Danmörk
Tölvupóstur: danterm@cbs.dk
<http://www.danterm.dk>

Íslensk málnefnd - Íslensk málstöð

Neshaga 16
IS-107 Reykjavík, Ísland
Tölvupóstur: kari@islenskan.is
<http://www.islenskan.is>

Norsk språkråd

Postboks 8107 Dep
NO-0032 Oslo, Noregur
Tölvupóstur: sprakrad@sprakrad.no
<http://www.sprakrad.no>

Samisk språknemnd

Sametinget
Bredbuktnesveien 50
NO-9520 Guovdageaidnu, Noregur
http://www.samisk-sr.no/index_no.html

Sanastokeskus TSK ry - Terminologicentralen TSK rf

Albertsgatan 23 A 12
FI-00120 Helsingfors, Finland
Tölvupóstur: tsk@tsk.fi
<http://www.tsk.fi>

Terminologicentrum TNC

Västra vägen 7 B
SE-169 61 Solna, Svíþjóð
Tölvupóstur: tnc@tnc.se
<http://www.tnc.se>

Íðorðastarf í stuttu máli

Skipulagning vinnunnar

- Komið á fót vinnuhóp með 5-8 sérfræðingum um efnið.
- Fáíð sérfræðing um íðorðastarf til aðstoðar. Það mun á endanum skila sér í meiri afköstum og gæðum íðorðastarfsins.
- Aflið, eftir því sem við á, nánari upplýsinga um meginreglur, aðferðir og fyrirkomulag í íðorðavinnu.
- Skipuleggið kynningarfund um hagnýtt íðorðastarf fyrir alla í hópnum.
- Ákveðið markhópin og metið þarfir hans.
- Afmarkið efnissviðið. Ákveðið hvaða undirsvið eiga að vera með og hverjum á að sleppa.
- Ákveðið hvaða tungumál eiga að vera með í orðasafninu.
- Safnið saman orðasöfnum og öðrum skjölum sem gefin hafa verið út og snerta sérsviðið. Athugið að gagnlegar upplýsingar má finna í alls konar heimildum.
- Metið heimildir eftir áreiðanleika þeirra og notagildi og því hversu vel þær eiga við. Notið þýtt efni af varkárni.
- Búið til nákvæma tímaáætlun.
- Ákveðið hve mörg hugtök á að fjalla um.
- Ákvarðið snið færslna og hvers konar tölvuvinnsla sé heppileg.

Skráning og röðun upplýsinganna

- Farið í gegnum heimildirnar og finnið hugtökin sem tilheyra efnissviðinu.
- Skráið íðorð, skilgreiningar og aðrar upplýsingar sem skipta máli um hugtökin upp úr heimildunum.
- Veljið úr þau hugtök sem fjalla á um og skipið þeim í hugtakakerfi. Teiknið hugtakavenslamynd. Athugið hvort einhverju hafi verið sleppt og hvort eitthvað skarast á milli kerfa. Ef fleiri en eitt tungumál er í íðorðaverkefningu þá þarf að gæta þess að vinna hugtakakerfi sérstaklega fyrir hvert mál.

Skilgreining hugtaka

- Fylgið hugtakakerfum þegar skilgreiningar eru skrifaðar. Í rökvenslakerfum er skilgreining byggð á næsta yfirhugtaki. Í hlutavenslakerfum og tengdarvenslakerfum er hægt að nota almenn orð til að tákna yfirhugtakið. Sem dæmi um gagnleg orð í því sambandi má nefna orðin *eiginleiki*, *starfsemi*, *fræði*, *verkfæri*, *ferli* og *kerfi*. Nota má orðasamböndin *hluti af*, *þáttur í*, *liður í* sem vísa til hlutatengsla og *afleiðing af*, *afurð sem verður til með* sem gefa til kynna tengdarvensl. Annað í skilgreiningunni lýsir því hvernig hugtakið er frábrugðið öðrum nátengdum hugtökum í sama kerfi.
- Vitnið í staðla eða aðrar áreiðanlegar heimildir þegar hægt er.

- Skrifíð ekki skilgreiningar sem færa hugtakið ekki á réttan stað í hugtakakerfinu. Ef umrita þarf skilgreiningu úr áreiðanlegri heimild, sem vitnað er til, verður að gera það af varkárni svo að inntak eða umtak skilgreiningarinnar breytist ekki.
- Skrifíð skilgreiningar sem miðast við þá notendur sem hafðir eru í huga. Leikmaður hefur ekki gagn af mjög sérfræðilegri framsetningu, t.d. stærðfræðijöfnum. Hins vegar myndi þörfum sérfræðinga ekki verða mætt með skilgreiningum þar sem upplýsingar eru ekki sérfræðilegar.
- Látið ekki skýringarmyndir koma í staðinn fyrir skilgreiningar.
- Lýsið aðeins einu hugtaki í hverri skilgreiningu. Sérhvert hugtak, sem þarf að skýra, á að skilgreina í sérstakri færslu en ekki inni í skilgreiningum annarra hugtaka.

Forðist skilgreiningarvillur

- Skrifíð ekki of víðar eða of þröngar skilgreiningar. Takið aðeins fram einkenni sem eru nauðsynleg til að auðkenna hugtakið. Viðbótarupplýsingar geta fylgt með sem athugasemd eða í dæmi.
- Forðist að skrá skilgreiningar sem eiga aðeins við sértækar aðstæður. Takið fram fræðasvið skilgreiningar ef nauðsynlegt er til að forðast misskilning. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar eitt íðorð er notað um fleiri en eitt hugtak. Til dæmis *brú* <tannlækningar>, *brú* <verkfræði>.
- Notið ekki sjálfst íðorðið (eða einhverja mynd þess) til að skilgreina hugtakið (innri hringur).
- Skrifíð ekki skilgreiningar þar sem eitt hugtak er skilgreint með öðru hugtaki sem aftur er skilgreint með því fyrra (ytri hringur), þ.e. þar sem tvö eða fleiri hugtök eru skilgreind hvort eða hvert með öðru.
- Skrifíð skilgreiningar sem lýsa hvað hugtakið merkir en ekki hvað það merkir ekki.

Framsetning skilgreininga

- Verið gagnorð.
- Notið aðeins íðorð sem eru skiljanleg fyrir markhópin og sérstök íðorð sem eru skilgreind annars staðar í sama orðasafni ásamt því að nota algeng, almenn orð að öðru leyti.
- Gangið út frá orðflokki íðorðsins í skilgreiningunni. Notið sögn sem aðalorð þegar skilgreina á sögn, nafnorð þegar skilgreina á nafnorð o.s.frv.
- Athugið hvernig skilgreiningar eru settar fram: Hefjið skilgreiningu með lágstaf og endið hana án þess að setja punkt. Þegar aðalorð skilgreiningar er nafnorð á það að vera án greinis og í eintölu (nema það sé aðeins notað sem fleirtöluorð).

Val á íðorðum

- Metið íðorðin og flokkið þau t.d. í *æskileg*, *óæskileg*, *úrelt* o.s.frv.

- Ef orðasafnið nær yfir fleiri en eitt tungumál finnið þá jafnheiti og sýnið að hve miklu leyti þau eru jafngild.
- Ef íðorð er notað um fleiri en eitt hugtak („hefur fleiri en eina merkingu“) á því efnissviði sem er til umfjöllunar á hvert hugtak að hafa sína færslu (og tölusetjið íðorðin eftir atvikum).

Fullgerið drögin

- Ákveðið uppsetningu og röð færslanna.
- Skrifnið inngangskafli og takið saman skrá yfir orðaforðann.
- Sendið verkefnið til umsagnar til annarra sérfræðinga á viðkomandi fræðasviði. Látið fara yfir málfar og orðmyndun í orðasafninu ef málfraeðingar hafa ekki tekið þátt í verkefninu.

Athugið að í reynd eru ýmis stig í þessu vinnuferli unnin samtímis.

ISBN 9979-842-61-X



9 789979 842613

Útgefandi: Íslensk málnefnd
ISBN 9979-842-61-X